



**Verkfræðingafélag Íslands**

Ársskýrsla  
starfsárið **2019-2020**

**Ársskýrsla** þessi greinir frá starfsemi Verkfræðingafélags Íslands starfsárið 2019-2020, þ.e. á milli aðalfunda. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins en stjórn félagsins þess á milli. Stór hluti félagsstarfsins fer fram innan deilda félagsins, nefnda og faghópa. Í þessari ársskýrslu birtast þær skýrslur sem borist höfðu þegar ársskýrslan fór í prentun. Aðrar skýrslur verða lagðar fram á aðalfundi ásamt ársskýrslu þessari.

### **Stjórn VFÍ 2019-2020**

Svana Helen Björnsdóttir, formaður  
 Jóhannes Benediktsson, varaformaður  
 Hlín Benediksdóttir  
 Páll Á. Jónsson, form. Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ  
 Birkir H. Jóakimsson, formaður  
 Kjaradeildar VFÍ  
 Anna Beta Gísladóttir, varamaðstjórnandi  
 Guðrún Sævarsdóttir, varamaðstjórnandi

### **Kjaradeild**

Birkir H. Jóakimsson, formaður  
 Erlendur Örn Fjeldsted  
 Halldór Zoëga  
 Heimir Örn Hólmarsson  
 Margrét Elín Sigurðardóttir  
 Einar Halldórsson, varamaðstjórnandi  
 Gunnar Sigvaldason, varamaðstjórnandi  
 Helga Helgadóttir, varamaðstjórnandi

### **Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi**

Páll Á. Jónsson, formaður  
 Davíð Á. Gunnarsson  
 Sigurður Valur Ásbjarnarson  
 Bergþór Þormóðsson, varamaðstjórnandi

### **Endurskoðendur**

Torfi G. Sigurðsson, skoðunarmaður  
 Kristjana Kjartansdóttir, skoðunarmaður  
 Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi

### **Starfsfólk**

Árni B. Björnsson, framkv.stj.  
 Sigrún S. Hafstein, sviðsstjóri fag- og félagssviðs, staðgengill framkv.stj.  
 Aðalheiður Ragnarsdóttir, fulltrúi sjóða  
 Guðríður Ó. Magnúsdóttir bókari/gjaldkeri  
 Hanna Dóra Hjartardóttir, fulltrúi  
 Heiðrún H. Þórisdóttir, fulltrúi í móttöku  
 Hjörleifur Kristinsson, skrifstofustjóri  
 Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, fulltrúi kjaramála

Efnisyfirlit	
Ávarp formanns	bls. 3
Áhersla á mennta- og réttindamál	bls. 4
Útgáfumál	bls. 6
Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf	bls. 8
Samstarf innanlands og erlendis	bls. 10
FEANI	bls. 11
Ársreikningur Félagssjóðs 2019	bls. 13
Ársreikningur Hússjóðs 2019	bls. 14
Skýrslur deilda, nefnda og faghópa	bls. 21
Atburðir 2019-2020	bls. 26



## Ávarp formanns VFÍ

Óhætt er að segja að nýliðið starfsár Verkfræðingafélags Íslands hafi verið viðburðaríkt, ekki síst vegna áskorana í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Þegar þetta er ritað er ljóst að margir félagsmenn eru í erfiðri stöðu vegna óvissu í atvinnumálum. Þeir sem hafa orðið harðast úti hafa misst vinnuna, aðrir eru í skertu starfshlutfalli. Það er von okkar allra að úr rætist sem fyrst og fyrirtækin nái að fóta sig á ný.

Verkfræðingafélag Íslands er stærsta og öflugasta félag tæknimennanna á Íslandi en félagsmenn eru nú rétt um fimm þúsund. Það er ánægjuefni að fjölgun félagsmanna er stöðug en ljóst er að ekki má sofna á verðinum. Í því sambandi skiptir miklu máli að sjóðir félagsins séu öflugir og geti staðið við bakið á félagsmönnum þegar á reynir. Það er ánægjuefni hversu vel hefur tekist til í rekstri sjóða félagsins eins og má sjá í ársskýrslu þessari.

Sem formaður félagsins hef ég viljað beita mér fyrir því að vekja athygli á mikilvægi tækniþekkingar og að henni sé fléttað inn í stefnumótandi ákvarðanatöku í íslensku samfélagi. Öflugt atvinnulíf grundvallast á hugviti og þekkingu þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Nýsköpun á að vera leiðarstefið þegar tekist er á við þær áskoranir sem mannkynið stendur frammi fyrir og þar gegnir tæknimennnað fólk lykilhluverki. Ég hef áður bent á að félagsmenn VFÍ starfa víðs vegar í atvinnulífinu og búa yfir mikilli þekkingu og reynslu á fjölmörgum sviðum. Þannig myndar félagið tengslanet og getur stutt við útbreiðslu þekkingar og stuðlað að þróun nýrra lausna.

VFÍ tók þátt samstarfsverkefni Þjóðaröryggisráðs og fleiri aðila undir yfirskriftinni „Samtal um þjóðaröryggi“. Haldnir voru tveir opnir umræðufundir og ráðstefna þar sem fjallað var um fjölþáttaógnir (e. hybrid threats). Þetta verkefni er gott dæmi um hvernig mismunandi aðilar geta unnið saman, deilt skoðunum sínum og þekkingu. Þarna eins og svo víða annars staðar er mikilvægt að rödd tæknifræðinga og verkfræðinga heyrst og að félagið sé virkur aðili í greiningu og stefnumótun.

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi, bæði innan norrænna samtaka og evrópusamtakanna FEANI þar sem ég var kosin í aðalstjórn, hefur reynst lærdómsrík. Það er mikilvægt að læra af öðrum en mér hefur líka orðið ljóst að Íslendingar hafa mikið fram að færa í slíku samstarfi. Má þar nefna umræðu um jafnréttismál á víðum grundvelli, stöðu kvenna í tæknigreinum og orkumál.

Á þessu fyrsta ári sem formaður VFÍ hefur mér verið hugleikin staða stærðfræði- og raungreinakennslu á Íslandi. Þar er mikið í húfi enda eru þessar greinar nauðsynlegur grunnur að tæknilegri nýsköpun. Það er áhyggjuefni, sem ekki hefur verið tekist á við, að með breytingum á framhaldsskólanámi hefur þess ekki verið gætt standa vörð um nám í stærðfræði og raungreinum. Í þessu sambandi má nefna að með samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands hefur VFÍ viljað sýna í verki mikilvægi þess að vekja áhuga grunnskólabarna á vísindum og tækni.

Eins og áður voru fjölmargir viðburðir á vettvangi félagsins og voru þeir undantekningalaust vel sóttir sem er afar ánægjulegt. Kvennanefnd VFÍ náði að halda sitt árlega Rósaboð rétt áður en samkomubann skall á. Að venju var þetta einstaklega ánægjuleg stund ekki síst þar sem tækifæri gafst til að fagna því að tuttugu

ár eru liðin frá stofnun Kvennanefndar VFÍ. Þá var tuttugasta Rýnisferðin farin og að þessu sinni lá leiðin til Wrocław í Póllandi. Sem fyrr var mikill áhugi á ferðinni og almenn ánægja með hvernig til tókst. Til stóð að halda Dag verkfræðinnar í sjötta sinn í marsmánuði sl. en því var frestað til 15. október 2020. Fjölskyldudagur verkfræðinnar var mjög vel sóttur og einnig samlokufundur, morgunverðarfundir og námskeið á vegum Kjaradeildar. Ekki má gleyma Öldungadeildinni. Kraftur hefur verið í starfi deildarinnar og góð þátttaka í viðburðum á hennar vegum.

Eitt ánægjulegasta verkefnið á starfsárinu var að minnast þess að 100 ár voru liðin frá stofnun fyrstu orðanefndar Verkfræðingafélags Íslands. Á hátíðafundi í Norræna húsinu var þakkað framlag þeirra sem hafa starfað í orðanefndum félagsins. Það er einstakt hugsjónastarf og orðanefndirnar eru skrautfjöður í langri sögu félagsins sem við megum og eigum vera stolt af.

Í þessum pistli mínum hef ég aðeins stiklað á stóru á ýmsu er varðar starfsemi VFÍ og hlutverk félagsins. Þrátt fyrir allt tel ég að við getum litið björtum augum til framtíðar. Framundan eru spennandi áskoranir og tækifæri sem VFÍ vill takast á við af krafti.

Að lokum vil ég þakka þeim sem hafa starfað í stjórnnum félagsins og starfsfólki fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu. Einnig þeim sem hafa starfað fyrir félagið á öðrum vettvangi og lagt því lið á margvíslegan hátt.

*Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ.*



## Menntamálanefnd

**Eftir sameiningu VFÍ og TFÍ um áramótin 2016/2017 tók ein menntamálanefnd við af MVFÍ og MTFÍ og nefndist hún Menntamálanefnd VFÍ. Fyrst eftir sameiningu starfaði nefndin í tveimur hlutum en frá haustinu 2018 hefur nefndin starfað í einu lagi.**

**Skipan sameinaðrar nefndar MVFÍ starfsárið 2019-2020:**

Steindór Guðmundsson, formaður  
 Arnlaugur Guðmundsson  
 Björn Karlsson  
 Heiða Pálmadóttir  
 Ingunn Sæmundsdóttir  
 Jenný Ruth Hrafnadóttir  
 Jens Arnljótsson  
 Jóhannes Benediktsson  
 Ólafur Pétur Pálsson  
 Þórður Helgason

### Umsóknir til félagsins

Eins og undanfarin ár bárust mjög margar umsóknir til félagsins, bæði umsóknir um inngöngu í félagið og um leyfi til að kalla sig verkfræðing eða tæknifræðing.

Um leið og nefndirnar voru sameinaðar í eina nefnd í september 2018, var einnig tekið upp nýtt fyrirkomulag við umfjöllun um umsóknir og afgreiðslu þeirra. Með nýju gagnagrunns-forriti sem heldur utan um félagaskrá VFÍ og einnig nýjar umsóknir, er stefnt að því að í lok hvers fundar MVFÍ sé hægt að prenta út fundargerð fundarins. Strax að fundinum loknum á að vera hægt að prenta út bréf til umsækjenda, þar sem þeim er gerð grein fyrir afgreiðslu umsóknar þeirra. Eins og eðlilegt er voru nokkrir byrjunarörðugleikar á fyrstu fundum með þessu nýja fyrirkomulagi, en það hefur smám saman slípast til. Þetta nýja fyrirkomulag auðveldar vinnu við að halda utan um mikinn og vaxandi fjölda umsókna, og eykur skilvirkni í afgreiðslu umsóknanna.

Samtímis þessu nýja fyrirkomulagi hafa verið teknir upp tvenns konar fundir nefndarinnar: Annars vegar fundar formaður nefndarinnar með starfsfólki skrifstofu VFÍ og þar eru afgreiddar umsóknir þar sem sem lítill eða enginn vafi leikur á niðurstöðu vegna margra fordæma. Þessir „embættismannafundir“ eru haldnir

tiltölulega þétt þannig að umsóknir sem eru einfaldar í afgreiðslu safnist síður upp. Þetta hefur aukið skilvirkni í afgreiðslu umsókna. Hins vegar er svo öll nefndin boðuð á fund um það bil mánaðarlega, þar sem fyrst og fremst eru afgreiddar umsóknir þar sem vafi leikur á hvort skilyrði um inngöngu og/eða skilyrði fyrir því að fá viðkomandi starfsheiti eru uppfyllt. Almennir fundir nefndarinnar á starfsárinu voru átta en svokallaðir „embættismannafundir“ voru 13 talsins.

Umsóknir um ungfélagaaðild voru svipaðar að fjölda og undanfarin ár, en mættu þó gjarnan vera fleiri. Í því samhengi má benda á að nemar í verkfræði og tæknifræði geta gerst ungfélagar í VFÍ strax við innritun í tæknifræðináms eða verkfræðináms.

### Fyrirspurnir um viðurkennda skóla og eða námsbrautir

Auk þessara formlegu umsókna um inngöngu í félagið og leyfi til að nota starfsheitið verkfræðingur bárust Menntamálanefnd VFÍ allmargar fyrirspurnir um það hvort tiltekið nám myndi verða viðurkennt sem fullnægjandi til þess að fá að nota



starfsheitið verkfræðingur. Í langflestum tilvikum var um að ræða fólk í BS-námi í verkfræði eða tæknifræði við Háskóla Íslands eða Háskólann í Reykjavík sem var að velta fyrir sér framhaldsnámi í ýmsum löndum.

#### **Nýjar reglur um leyfi til að kalla sig tæknifræðing.**

Nefndin lauk við endurskoðun á reglum um leyfi til að kalla sig tæknifræðing og var tillaga nefndarinnar send ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar. Ráðuneytið sendi til baka tillögur eða óskir um breytingar, svo verkinu er ekki lokið. Unnið verður áfram að því að ljúka þessari endurskoðun sem fyrst.

#### **Samskipti við ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar.**

Í nóvember 2019 fóru formaður MVFÍ, framkvæmdastjóri VFÍ auk eins starfsmanns á fund í ráðuneytinu til viðræðna um reglur um mat á umsóknum um starfsheiti verkfræðingur og tæknifræðingur og framkvæmd þeirra. Meðal annars bað ráðuneytið um ítarlegri rökstuðning VFÍ varðandi nokkrar umsóknir um starfsheiti, sem MVFÍ mælti með að hafna.

Þá var VFÍ hvatt til að ljúka sem fyrst endurskoðun á reglum um starfsheiti tæknifræðingur og einnig var rætt hvort reglurnar um starfsheiti verkfræðingur væru of flóknar, of strangar og hvort þær væru nógu gagnsæjar fyrir umsækjendur. Þá var rætt um að bæta samskipti VFÍ og

ráðuneytisins, meðal annars varðandi viðbótargögn sem félagið kallar eftir.

*F.h. Menntamálanefndar VFÍ  
Steindór Guðmundsson, formaður.*





## Útgáfumál

### Útgáfumál

Í upphafi árs 2019 skipaði stjórn VFÍ útgáfustjórn Verktækni – tímarits Verkfræðingafélags Íslands. Verkefni útgáfustjórnar er ritstjórn tímaritsins en einnig áttaksverkefni sem felst í að vinna að því að fá tímaritið skráð í Scopus gagnagrunninn. (www.scopus.com). Fyrsta verkefni hinnar nýju ritstjórnar var að fá erlenda ráðgjafa til að gera úttekt á tímaritinu og stilla upp þeim kröfum sem það þarf að uppfylla til að fá ofangreinda skráningu.

Eftir að úttektin lá fyrir var meðal annars skilgreind stefna og markmið tímaritsins, skrifaðar leiðbeiningar fyrir höfunda og ritrýndur og samdar siðareglur. Unnið er að uppsetningu á nýju vefsvæði tímaritsins sem verður bæði á íslensku og ensku. Stefnt er að því að það verkefni klárast vorið 2020.

Í mars 2020 voru gefnar út greinar ársins 2019. Tímaritið er prentað í litlu upplagi og því er ekki dreift til félagsmanna. Öll tölublöð Verktækni, ritrýndar greinar og tækni- og vísindagreinar sem hafa birst í blaðinu, má nálgast á vef VFÍ.

Ritstjórnina skipa eftirtalin:

Dr. Bjarni Bessaon, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. Helgi Þór Ingason, prófessor, Háskólinn í Reykjavík.

Dr. Kristinn Andersen, prófessor, Háskóli Íslands.

Dr. María Sigríður Guðjónsdóttir, lektor, Háskólinn í Reykjavík.

### timarit.is og aðrir gagnagrunnar

Í gildi er samningur við timarit.is um að allt útgefið efni félagsins verði aðgengilegt á rafrænu formi. Ávinningurinn af því að setja efnið inn á timarit.is er meðal annars sá að varðveisla á gögnunum er tryggð, miðlun um allar upplýsingaveitur, textaleit og tengingar við aðrar leitarvélur.

### vfi.is

Fyrri hluta árs 2019 lauk uppsetningu á „Mínum síðum“ á vef VFÍ. Þar með varð auðveldara fyrir félagsmenn að fylgjast með réttindum í sjóðum, stöðu umsókna, iðgjaldagreiðslum og öðru er tengist aðild að félaginu og sjóðum VFÍ.

VFÍ er á Facebook, slóðin er: [facebook.com/vfi.1912](https://www.facebook.com/vfi.1912).

### Rafbílar VFÍ

Í framhaldi af ráðstefnum VFÍ um rafbílavæðinguna var stofnaður hópurinn „Rafbílar VFÍ“ á Facebook. Stöðugt fjölgar í hópnum og þar eru áhugaverðar upplýsingar og umræður um rafbílavæðinguna.

### Ritröð VFÍ

Á 90 ára afmæli Verkfræðingafélags Íslands var ákveðið að ráðast í útgáfu ritraðar sem lyki með útgáfu á sögu VFÍ á hundrað ára afmæli félagsins 19. apríl 2012.

Í ritröðinni eru átta bækur:

- Frumherjar í verkfræði á Íslandi. (2002)
- Afl í segulæðum. Saga rafmagns á Íslandi í 100 ár. (2004)
- Í ljósi vísindanna. Saga hagnýtra rannsóknna á Íslandi. (2005)





- Brýr að baki. Brýr á Íslandi í 1100 ár. (2007)
- Sementsiðnaður á Íslandi í 50 ár. (2008)
- Verkin sýna merkin. - Saga framkvæmda og verktakastarfsemi á Íslandi. (2009)
- VFÍ í 100 ár. – Saga Verkfræðingafélags Íslands. (2012)
- Alþjóðaheilbrigðismál – Ísland til áhrifa (2016)

## Umsagnir

VFÍ er umsgnaraðili um hin ýmsu málefni. Félagið vill taka þátt í stefnumótun, lagasetningu og ákvarðanatöku. Umsagnir eru birtar jafnóðum á vef félagsins. Á starfsárinu veitti félagið umsgagnir um eftirfarandi:

Drög að breytingum á reglugerð um mat á umhverfisáhrifum (nr. 660/2015) og framkvæmdaleyfi (770/2012). Landrýniskýrsla um innleiðingu Íslands á heimsmarkmiðunum. Frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Verkefni nefndar um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu. Drög að frumvarpi til laga um Hálandisþjóðgarð. Stafrænt Ísland – Tæknistefna island.is Frumvarp til laga um opinberan stuðning til fjárfestinga í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Flest þessi mál voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda en að auki leita ýmsir aðilar álits félagsins í málum sem talið er að varði hagsmunum félagsmanna og samfélagsins í heild.

## Siðanefnd VFÍ

Í lögum Verkfræðingafélags Íslands (19. grein) segir þetta:

„Siðanefnd skal starfa í félaginu. Hlutverk hennar er að láta í ljós álit um ágreining, sem rísa kann vegna ætlaðs brots á siðareglum félagsins og halda siðareglum Verkfræðingafélags Íslands á lofti meðal félagsmanna. Nefndin kemur saman tvisvar á ári og oftar ef tilefni er til. Siðanefnd starfar óháð stjórn félagsins og ákveður hvernig álit nefndarinnar er komið á framfæri. Í Siðanefnd eiga sæti þrjú fastafulltrúar skipaðir af stjórn VFÍ til tveggja ára. Stjórn VFÍ skipar formann. Í hverju máli skipar stjórn VFÍ tvo fulltrúa til viðbótar til að fjalla um þetta einstaka mál. Við val í nefndina skal leitast við að hafa a.m.k. einn fulltrúa háskólasamfélagsins og einn fulltrúa almenna markaðarins. Við vanhæfi einstakra stjórnarmanna og í sérstökum kærumálum getur stjórn VFÍ, að ósk formanns Siðanefndar, skipað fleiri til starfa í Siðanefndinni. Nefndinni er skipaður ritari úr hópi starfsmanna VFÍ.“ Hákon Ólafsson er formaður nefndarinnar og Guðrún A. Sævarsdóttir er fulltrúi háskólasamfélagsins. Þá er Eiríkur Þorbjörnsson fulltrúi almenna markaðarins. Nefndin fundaði ekki á starfsárinu en fyrir liggur að vinna að starfsreglum nefndarinnar. Engin mál bárust Siðanefnd VFÍ á starfsárinu 2019-2020.





## Fræðandi og skemmtilegt félagsstarf

### Fundir og ráðstefnur

Fjöldi funda og skoðunarferða voru haldnar á vegum félagsins á starfsárinu og listinn á bls. 26 og 27 er til vitnis um öflugt og fjölbreytt starf. Samlokufundir áttu sinn fasta stað í félagsstarfinu og voru vel sóttir. Eins og gefur að skilja hafði COVID-19 faraldurinn áhrif á fundahöld síðustu mánuði starfsársins.

### Dagur verkfræðinnar

Dagur verkfræðinnar átti að vera 27. mars 2020 á Hilton Reykjavík Nordica. Fresta varð þessum stærsta viðburði VFÍ til haustsins vegna COVID-19. Voru það mikil vonbrigði því fyrir lá fróðleg dagskrá, auglýsingaáætlun

komin í gang og undirtektir greinilega góðar því skráningar voru komnar á fullt skrið á vef VFÍ. Dagur verkfræðinnar 2020 verður 15. október.

Dagur verkfræðinnar hefur verið haldinn fimm sinnum og hefur aðsóknarmet verið slegið á hverju ári hingað til. Markmiðið með viðburðinum er að kynna verkfræðina, spennandi störf og verkefni á því sviði og ekki síst efla tengsl og samheldni meðal íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga. Það fyrirkomulag að leita til félagsmanna eftir hugmyndum hefur gefist vel og er nú svo komið að færri komast að með fyrirlestur en vilja.

### Ný viðurkenning – Teningurinn

Teningurinn er ný viðurkenning VFÍ sem verður afhentur í fyrsta sinn á Degi verkfræðinnar 2020. Markmið viðurkenningarinnar er að vekja athygli á vel útfærðum og áhugaverðum verkefnum sem verkfræðingar og tæknifræðingar vinna að.

### Fjölskyldudagur verkfræðinnar

Fjölskyldudagur verkfræðinnar var haldinn í þriðja sinn 1. september 2019 í Húsdýragarðinum Laugardal. Frítt var í garðinn fyrir félagsmenn, maka og börn þeirra. Eins og áður var dagurinn haldinn í samstarfi við Vísindasmiðju Háskóla Íslands. Það var vel mætt og Fjölskyldudagur verkfræðinnar hefur fest sig í sessi í starfsemi VFÍ.

### Rýnisferðin 2019

Sem fyrr var mikill áhugi á Rýnisferðinni sem var sú tuttugasta í röðinni. Að þessu sinni var haldið til Wrocław í Póllandi dagana 30. ágúst til 4. september. Rýnisferðir hófust á vegum Tæknifræðingafélags Íslands árið 1998. Ferðirnar hafa notið mikilla vinsælda frá upphafi.







### Heimsóknir í skólana

Á hverju hausti kynna forsvarsmenn VFÍ fyrsta árs nemum starfsemi félagsins. Einnig er það fastur liður að halda hádegisfundi í skólunum þar sem nemendum er boðið upp á hressingu um leið og þeir fá kynningu á félaginu. Þeim sem lengra eru komnir í náminu er boðið í heimsókn í Verkfræðingahúsið í svokallaðar „vísindaferðir“. VFÍ á einnig gott samstarf við kappaksturslið háskólanna og er styrktaraðili þeirra. Annað hvert ár heimsækir VFÍ nemendur í Danmörku og hafa þeir fundir verið mjög vel sóttir.

### VerkTækni golfmótið

Árlegt golfeinvígi verkfræðinga og tæknifræðinga, VerkTækni golfmótið, var haldið á Húsatóftavelli í Grindavík 30. ágúst 2019. Háð var golfeinvígi milli verkfræðinga og tæknifræðinga þar sem fimm bestu skor töldu á forgjafar. Einnig var keppt í flokki félagsmanna VFÍ annars vegar og gesta og maka hins vegar. Að þessu sinni bar sveit tæknifræðinga sigur úr bítum.

### Námssjóður J.C. Möller

Námssjóður J.C. Möller frá 6. október 1938, hefur úthlutað styrkjum til efnilegra íslenskra stúdenta, sem stunda nám, eða ætla sér að stunda nám í tækniháskóla á Norðurlöndum. Styrkurinn er þó sérstaklega ætlaður þeim sem stunda, eða ætla sér að stunda nám í rafmagnsverkfræði og þá einkum þeim er stunda, eða ætla sér að stunda nám í Danmarks Tekniske Universitet í Kaupmannahöfn. Ekki var úthlutað úr sjóðnum á árinu.

### Glæsileg aðstaða

Aðal fundasalurinn í Verkfræðingahúsi hefur verið vel nýttur. Félagsmönnum stendur til boða að taka salinn á leigu fyrir fundi og mannfagnaði og hefur það mælst vel fyrir enda er salurinn glæsilegur að aðstaðan eins og best verður á kosið.

### Félagsskírteini

Á árinu 2017 gerði VFÍ samning við Íslandskortið um útgáfu á rafrænu félagsskírteini. Marvíslegir afslættir fylgja notkun kortsins og eru upplýsingar á islandskortid.is þar sem afsláttarkjör eru uppfærð reglulega.

### Þjónustukönnun

Í lok árs 2019 gerði fyrirtækið Maskína stutta þjónustukönnun fyrir VFÍ. Markmiðið með slíkum könnunum er að fá fram sjónarmið félagsmanna og finna leiðir til að bæta þjónustuna enn frekar.





## Samstarf innanlands og erlendis

### Félagafjöldinn

Í lok árs 2019 voru félagsmenn í Verkfræðingafélagi Íslands 4623. Skrifstofa VFÍ veitir einnig félagsmönnum í Stéttarfélagi tölvunarfræðinga og Stéttarfélagi byggingarfræðinga þjónustu.

### Samstarf við HÍ og HR

Verkfræðingafélag Íslands leggur mikla áherslu á gott samstarf við Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ og iðn- og tæknifræðideild og verkfræðideild HR. Samstarfið við skólana er afar mikilvægt því eitt af meginmarkmiðum félagsins er að standa vörð um starfsheitið og tryggja gæði náms í verkfræði og tæknifræði hér á landi.

VFÍ hefur veitt viðurkenningar fyrir lokaverkefni nemenda í tæknifræði og fyrir veggspjaldakynningar verkfræðinema í HR. Unnið er að því að móta nýjar reglur

fyrir viðurkenningarnar þannig að veitt verði sambærileg verðlaun til nemenda í verkfræði og tæknifræði í báðum háskólum.

Kynningarfundir og vísindaferðir fyrir nema eru fastur liður. VFÍ tók þátt í Framadögum háskólanna. Það er mjög mikilvægt að hafa sterk tengsl við skólana og margir höfðu áhuga á að ræða við fulltrúa félaganna um ýmislegt sem varðar námið og hvað tekur við þegar út á vinnumarkaðinn er komið.

### Samstarf við Vísindasmiðju HÍ

Verkfræðingafélags Íslands og Vísindasmiðja Háskóla Íslands vinna saman að því að efla áhuga ungs fólks á vísindum, tækni og nýsköpun. Samstarfssamningur var fyrst undirritaður í mars 2018 og var þar áhersla á fræðslufni fyrir kennara og nemendur um

forritun. Samningurinn er endurskoðaður í nóvember ár hvert og nú er áherslan á að fræða ungt fólk um loftslagsbreytingar og aðgerðir til að sporna gegn þeirri vá.

Vísindasmiðjan hefur haldið námskeið í tækjaforritun fyrir börn félagsmanna VFÍ á aldrinum 11 – 16 ára, bæði í Reykjavík og hjá landshlutadeildum. Samstarfssamningurinn gerir einnig ráð fyrir að Vísindasmiðjan taki þátt í Fjölskyldudegi verkfræðinnar.

### Samstarf við Þjóðaröryggisráð


Á starfsárinu átti VFÍ virkt samstarf við Þjóðaröryggisráð undir yfirskriftinni „Samtal um þjóðaröryggi“. Haldnir voru tveir opnir fundir þar sem fjallað var um lýðræði og fjölpáttaðgnir annars vegar og tækni og grunngildi hins vegar. Einnig var haldin ráðstefna um fjölpáttaðgnir í viðum skilningi þar sem innlendir og erlendir sérfræðingar tóku þátt.

### Norðurlandasamstarf

#### ANE - Association of Nordic Engineers

Verkfræðingafélag Íslands varð aðili að ANE í upphafi árs 2018. ANE er samstarfsvettvangur félaga verkfræðinga og tæknifræðinga á Íslandi, í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og öðru af tveimur félögum í Noregi. Hlutverk ANE er að gæta hagsmuna norræna verkfræðinga og tæknifræðinga bæði innan Norðurlandanna og í alþjóðlegu tilliti. Í dag eru um 500 þúsund félagsmenn í aðildarfélögum ANE.

### Fjöldi félagsmanna VFÍ í ársbyrjun 2001 - 2020



ANE vinnur að því að auka sýnileika og áhrif verkfræðingastéttarinnar. Í gegnum ANE miðla félögin þekkingu sín á milli og vinna að ákveðnum verkefnum. Af nýlegum verkefnum má til dæmis nefna stefnumótun varðandi siðferði og gervigreind. Einnig gerðu samtökin samnorræna könnun á sviði hæfnipróunar.

Á vef ANE, [www.nordicengineers.org](http://www.nordicengineers.org) og á Twitter eru greinargóðar upplýsingar um starfsemina.

## Nording

Nording er samstarfsvettvangur norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga. Einnig hefur félagið í Eistlandi fulla aðild að Nording. Aðalfundur er haldinn einu sinni á ári og á hann mæta formenn og framkvæmdastjórar félaganna.

Tólf félög eiga aðild að Nording og eru félagsmenn þeirra samtals um 500 þúsund. Meðal verkefna Nording er samræming á stefnu félaganna í Evrópusamstarfi og að koma fram fyrir hönd félaganna gagnvart Evrópusambandinu og stofnunum þess.

Á aðalfundum Nording bera forsvarsmenn félaganna saman bækur sínar um stöðu mála á vinnumarkaði og helstu verkefni hvers félags. VFÍ heldur utan um alla tölfraði fyrir Nording

Á vettvangi ANE og NORDING hefur VFÍ talað fyrir því að sameina kraftana undir merkjum ANE og finna leiðir til að öll félög tæknifræðinga og verkfræðinga á Norðurlöngunum taki þátt í því starfi.

## Gestaaðild

Í gildi er samkomulag norrænna félaga verkfræðinga og tæknifræðinga um gestaaðild. Samkomulagið geta þeir félagsmenn nýtt sér sem starfa í norrænu landi utan heimalands síns. Það nær til níu norrænna félaga tæknifræðinga og verkfræðinga auk VFÍ.

Gestafélagi hefur sama rétt í norrænum félögum tæknifræðinga og verkfræðinga og almennir félagsmenn en hefur ekki atkvæðis- og kjörgengisrétt. Þá er lögfræðikostnaður ekki innifalinn í gestaaðild og verður því aðeins greiddur að móðurfélag samþykki greiðsluna. Samkomulagið nær heldur ekki til atvinnuleysisbóta.

Hægt er að vera gestafélagi í mesta lagi í þrjú ár. Gestaaðild fellur niður ef viðkomandi félagsmaður segir sig úr heimafélaginu, á Íslandi VFÍ, eða hættir störfum í viðkomandi landi. Samkomulagið gildir ekki um málefni nema (ungfélaga), eftirlaunaþega eða félagsmanna sem af öðrum orsökum eru

ekki fullgildir félagsmenn. Gestaaðildin er gjaldfrí fyrir félagsmenn að því tilskyldu að félagsaðildin í heimafélaginu sé í gildi og félagsgjöld í skilum.

## Íslandsnefnd FEANI

Verkfræðingafélag Íslands er aðili að FEANI, Evrópusamtökum verkfræðingafélaga og tæknifræðingafélaga. Í hverju aðildarlandi starfa landsnefndir og Íslandsnefnd FEANI starfar á vegum VFÍ. Steindór Guðmundsson formaður MVFÍ er formaður Íslandsnefndar FEANI.

Aðalfundur FEANI er haldinn í september eða október á hverju ári í september eða október á hverju ári í einhverju aðildarlandanna, sem voru 33 talsins á starfsárinu og auk þess eru tvö lönd til viðbótar með aukaaðild. Félagsmenn aðildarfélaganna teljast vera rúmlega 3,5 milljónir (verkfræðingar og tæknifræðingar). Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins viðurkennir FEANI opinberlega sem fulltrúa verkfræðinga- og tæknifræðingastéttanna í Evrópu. Íslandsnefndin hefur lagt áherslu á að senda fulltrúa á aðalfundinn á hverju ári, og er það að jafnaði formaður nefndarinnar sem hann sækir.

Nánari upplýsingar um FEANI má fá á heimasíðu samtakanna: <https://www.feani.org/>

## Ársfundur FEANI 2019

Ársfundur FEANI 2019 var haldinn föstudaginn 4. október í Reykjavík og var það í fyrsta sinn sem ársfundurinn er haldinn á Íslandi. Í tengslum við ársfundinn var haldin ráðstefna um „Geothermal Energy“ síðdegis fimmtudaginn 3. október, þar sem fjórir íslenskir fyrirlesarar fluttu áhugaverð erindi um nýtingu jarðvarma á Íslandi. Fyrir hádegi þann dag var svo fundur landsnefndanna: „National Members Forum“, sem að jafnaði er haldinn tvisvar á ári og annar þeirra í tengslum við ársfundinn. Á þennan fund mættu 46 fulltrúar frá 24 af landsnefndum FEANI. NMF fundurinn var haldinn í fundarsal Hörpu og ráðstefnan í Kaldalóni.

Ársfundurinn var svo haldinn 4. október eins og fyrr segir í fundarsal Hörpu. Þar mættu 56 fulltrúar 24 þjóða, auk tveggja sérstakra gesta. Frá skrifstofu FEANI, mætti einn starfsmaður ásamt framkvæmdastjóra. Níu þjóðir sendu ekki fulltrúa á ársfundinn og þar á meðal var Finnland sem hætti þátttöku í FEANI frá og með þessum ársfundi. Á fundinum var formaður VFÍ Svana Helen Björnsdóttir kosin í stjórn FEANI til þriggja ára. Þetta er í

fyrsta sinn sem Ísland á fulltrúa í stjórninni og tók Svana sæti Svíans Ulf Bengtsson. Um kvöldið var svo hátíðakvöldverður í Iðnó og framkvæmd alls þessa tókst með miklum ágætum.

Á laugardegnum var svo skipulögð skoðunarferð fyrir erlendu gestina, sem byrjaði með heimsókn í Helliðarvirkjun og síðan var „Gullni hringurinn“ ekinn.

Í lok ársfundarins bauð Þýskaland til Berlínar í byrjun október 2020 á næsta ársfund FEANI, en óvíst er hvernig verður með þá framkvæmd vegna COVID veirunnar.

Sérstakir fundir þriggja svæðishluta innan FEANI eru haldnir reglulega til að fara yfir og samræma sjónarmið. Ísland er í FEANI – North, en þar eru Norðurlöndin, Eistland, Bretland, Írland og Rússland. FEANI - North boðaði fund í Osló 12. mars 2020, en vegna COVID veirunnar varð þetta fjárfundur, sem Svana Helen tók þátt í sem fulltrúi Íslands. Hún tók einnig þátt í fjárfundi NMF 16. apríl, sem upphaflega stóð til að halda í Brussel.

*F.h. Íslandsnefndar FEANI  
Steindór Guðmundsson, formaður.*

## Svana Helen kosin í aðalstjórn FEANI

Á ársfundi FEANI, sem haldinn var í Reykjavík í október 2019, var Svana Helen Björnsdóttir formaður VFÍ kosin í aðalstjórn samtakanna. Þetta er í fyrsta sinn sem Ísland á fulltrúa í aðalstjórninni.

Innan vébanda FEANI eru félög verkfræðinga og tæknifræðinga í 33 löndum sem samtals hafa um 3,5 milljónir félagsmanna. FEANI vinnur að því að styrkja stöðu, hlutverk og ábyrgð þessara starfsstétta í samfélaginu. Þátttaka VFÍ í starfi FEANI hefur meðal annars reynst vel í því að standa vörð um starfsheitin og gæði menntunar í tæknifræði og verkfræði. FEANI starfrækir gagnagrunn með upplýsingum um þær menntastofnanir sem bjóða viðurkennt nám í þessum greinaum. Það hefur reynst afar mikilvægt við mat á starfsheitisumsóknum en ekki síst við að leiðbeina íslenskum nemendum sem stefna á nám erlendis.



## Áritun endurskoðenda

Við höfum endurskoðað ársreikning Félags-  
sjóðs Verkfræðingafélags Íslands fyrir árið  
2019.

Ársreikningurinn hefur að geyma áritun  
stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning,  
yfirlit um sjóðstreymi og sundurliðanir nr.  
1-13. Ársreikningurinn er lagður fram af  
stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í  
samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst  
í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum  
á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við  
góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt  
því ber okkur að skipuleggja og haga  
endurskoðuninni þannig að leitt sé í ljós  
að ársreikningurinn sé í meginatriðum án  
annmarka. Endurskoðunin felur meðal  
annars í sér greinargerðir, úrtakskannanir  
og athuganir á gögnum til að sannreyna  
fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma  
í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig  
í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum  
og matsreglum sem notaðar eru við gerð  
ársreikningsins og mat á framsetningu hans

í heild. Við teljum að endurskoðunin sé  
nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit  
okkar á.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam  
rekstrarhagnaður ársins tæpum 58 mkr.  
en rekstrartekjur námu rúmum 242.6  
mkr. Heildareignir í lok ársins samkvæmt  
efnahagsreikningi námu tæpum 302.7 mkr. en  
heildarskuldir tæpum 23.9 mkr. á sama tíma.  
Eigið fé var því jákvætt um tæpar 278.8 mkr.  
í árslok. Veltufjármunir í árslok voru tæpum  
278.8 mkr. hærrí en skammtímaskuldir.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi  
glögga mynd af afkomu félagsins á árinu  
2019, efnahag þess hinn 31. desember  
2019 og breytingu á handbæru fé á árinu, í  
samræmi við lög, samþykktir félagsins og  
góða reikningskilavenju og að í honum  
komi fram allar þær upplýsingar sem okkur  
eru kunnar og skipta máli.

*Reykjavík, 11. maí 2020.  
Kristinn Gestsson, löggiltur  
endurskoðandi.*

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn Verkfræðingafélags Íslands, höfum yfirfarið  
ársreikning þennan. Hann er í samræmi við lög og reglur félagsins og leggjum við til að  
hann verði samþykktur.

*Reykjavík, 11. maí 2020.  
Torfi G. Sigurðsson.  
Kristjana Kjartansdóttir.*

## Ársreikningur félagssjóðs VFÍ 2019

### Rekstrarreikningur

	2019	2018
<i>Rekstrartekjur</i>		
Félagsgjöld	149.631	141.343
Félagsgj. stéttarf -byggingar- og tölvunarfræðinga	26.481	22.621
Umsýslugjöld	66.537	59.641
Rekstrartekjur alls	242.649	223.605
<i>Rekstrargjöld</i>		
Laun og launatengd gjöld	92.316	84.658
Húsnæðiskostnaður	17.732	15.864
Aðkeypt þjónusta	4.356	7.127
Þjónustusamningar	2.424	3.292
Skrifstofukostnaður	10.158	9.811
Stjórnarlaun-samninganefndir	2.030	1.973
Rekstrargjöld alls	129.016	122.725
Hagnaður/tap af aðalstarfsemi	113.633	100.880
<i>Aðrar tekjur og gjöld</i>		
Útgáfumál og vefumsjónarkerfi	4.900	7.779
Félagakerfi, vél- og hugbúnaður	13.192	15.440
Húsbúnaður	864	5.620
Fundir, ráðstefnur og kynningarstarf	12.884	9.605
Innlent og erlent samstarf	11.940	8.011
Kjarakannanir og námskeið	2.146	1.525
Sérfræðiþjónusta við félagsmenn	10.778	8.116
Önnur verkefni	4.870	4.760
Aðrar tekjur og gjöld alls	61.574	60.856
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	52.059	40.024
<i>Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld</i>		
Vaxtatekjur og verðbætur	7.967	6.137
Fjármagnstekjuskattur	-1.753	-1.350
Vaxtagjöld / bankakostnaður	-281	-298
	5.933	4.489
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	57.992	44.513

### Efnahagsreikningur pr. 31.12.2019

	2019	2018		2019	2018
<i>Eignir</i>					
Fastafjármunir	0	0	<i>Skuldir og eigið fé</i>		
			Eigið fé:		
			Óráðstafað eigið fé	278.788	221.511
Veltufjármunir:			<i>Skuldir:</i>		
Skammtímakröfur	38.179	28.004	Skammtímaskuldir	23.898	24.950
Handbært fé:	264.507	218.457			
Samtals eignir	302.686	246.461	Samtals skuldir og eigið fé	302.686	246.461

## Ársreikningur Verkfræðingahúss SES 2019

### Skýrsla stjórnar Verkfræðingahúss ses vegna ársins 2019

Á árinu voru haldnir sex stjórnarfundir.

Þann 7. mars 2019 voru leiðréttar samþykktir félagsins samþykktar eins og getið var um í skýrslu síðasta árs. Þannig verður stofnunin og styrktarsjóðurinn rekin sem ein eining framvegis.

Rekstrarafkoma ársins endurspeglast í þeim aðgerðum sem gripið var til á árinu með því að hækka húsaleigu til samræmis við markaðsleiguverð og koma rekstrinum

í það horf að hægt verði innan ekki langs tíma að hefja útdeilingu á styrkjum í samræmi við samþykktir sjóðsins. Þrátt fyrir þessar hækkanir skilaði stofnunin aðeins 3,5% nafnávöxtun á eigin fé sem verður að teljast mjög hófleg ávöxtun þegar um sjóð er að ræða. Skuldir stofnunarinnar voru engar um áramótin.

Það er hins vegar markmið ársins 2020 að kynna áform um styrki og tilhögun þeirra í haust.

Á árinu 2019 var unnið að viðhalds-framkvæmdum fyrir um 3,7 m.kr. en ekki fjárfest í nýframkvæmdum eða endurbótum að þessu sinni.

Í sjóði voru um 16 m.kr. um áramótin sem að stórum hluta verða nýttar til nauðsynlegra framkvæmda á þessu ári á sama tíma og hugað er að styrkveitingum.

Stjórn stofnunarinnar þakkar Verkfræðinga-félagi Íslands fyrir gott samstarf og leigjendum hússins fyrir skilning þegar kom að breytingum á leigusamningum.

Reykjavík 13. maí 2020

F.h. stjórnar Verkfræðingahúss ses,

Agnar Kofoed-Hansen, formaður.

Vífill Oddsson.

Jóhanna H. Árnadóttir.

Varamedstjórnendur:

Eva Yngvadóttir.

Albert Guðmundsson.

### Rekstrarreikningur Verkfræðingahúss ses 2019

	2019	2018
<i>Rekstrartekjur</i>		
Húsaleiga	30.843	25.233
Rekstrartekjur alls	<u>30.843</u>	<u>25.233</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Rekstur fasteignar	7.649	6.890
Framlag til samrekstrar	1.709	1.009
Annar kostnaður	453	23
Rekstrargjöld alls	<u>9.811</u>	<u>7.922</u>
Hagnaður/tap án fyrninga og fjármagnsliða	21.032	17.311
Fyrningar	-6.867	-6.642
Fyrningar alls	<u>-6.867</u>	<u>-6.642</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	14.165	10.669
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	161	44
Tekjur umfram (gjöld) á árinu	<u>14.326</u>	<u>10.713</u>

### Efnahagsreikningur pr. 31.12.2019

	2019	2018		2019	2018
<i>Eignir</i>			<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Fastafjármunir:			Eigið fé:		
Engjateigur 9	431.010	416.877	Óráðstafað eigið fé	422.090	393.632
			Fyrningarsjóður fasteignar	25.900	22.787
Fastafjármunir alls	<u>431.010</u>	<u>416.877</u>	<i>Eigið fé alls</i>	<u>447.990</u>	<u>416.419</u>
Veltufjármunir:			Skuldir:		
Skammtímakröfur	54	102	Skammtímaskuldir	0	826
Handbært fé	16.926	266	Skuldir alls	0	826
Veltufjármunir alls	<u>16.980</u>	<u>368</u>			
<i>Samtals eignir</i>	<u>447.990</u>	<u>417.245</u>	<i>Samtals skuldir og eigið fé</i>	<u>447.990</u>	<u>417.245</u>

## Ársskýrsla KVFÍ

### Stjórn KVFÍ:

Birkir H. Jóakimsson, formaður  
Erlendur Örn Fjeldsted  
Halldór Zoëga  
Heimir Örn Hólmarsson  
Margrét Elín Sigurðardóttir

### Varamenn í stjórn KVFÍ:

Einar Halldórsson  
Gunnar Sigvaldason  
Helga Helgadóttir

Kjarasamningar Verkfræðingafélagsins við ríki, borg, sveitarfélög, Félag ráðgjafaverkfræðinga og hálfopinberar stofnanir runnu út á fyrstu mánuðum ársins 2019. Starfsemin mótaðist því af undirbúningi fyrir komandi kjaraviðræður en sem fyrr réðu kjarasamningar við stærstu hópana á almennum markaði ferðinni.

Á starfsárinu var haldið áfram með gerð stofnanasamninga á opinbera vinnumarkaðnum og hefur nú að mestu verið samið við þær stofnanir þar sem a.m.k. fimm eða fleiri félagsmenn starfa.

Áfram var unnið að innleiðingu starf-flokkunarkerfis í tengslum við kjarasamninga við Samband sveitarfélaga. Innleiðing starfsmats nær jafnframt til félagsmanna í Stéttarfélagi byggingafræðinga (SFB) á grundvelli þjónustusamnings við VFÍ. Í lok starfsársins var enn unnið að starfsmatinu.

Ráðgjöf til félagsmanna hefur aukist ár frá ári í takt við vaxandi fjölda félagsmanna. Má sem dæmi nefna undirbúning launaviðtala, yfirlestur ráðningarsamninga, úrlausn ágreiningsmála við vinnuveitendur og ýmsa aðra lögfræðilega ráðgjöf. Á síðustu árum hefur jafnframt orðið talsverð aukning á

beiðnum til félagsins um veitingu umsagna vegna umsókna erlendra verkfræðinga og tækniþræðinga um atvinnuleyfi hér á landi.

Stjórn Kjaradeildar VFÍ hélt níu fundi á starfsárinu og voru meðal annars tekin til umfjöllunar mál er vörðuðu undirbúning kjaraviðræðna, kjarasamninga, úrlausn í einstaklingsmálum, uppsagnir, skipun í samninganefndir, kjarakönnun o.fl.

### Kjarasamningar

Árin 2015-2016 voru gerðir nýir kjarasamningar við flesta viðsejendur til þriggja ára. Nýliðið starfsár mótaðist því af viðræðum og gerð kjarasamninga.

Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru við:

Samtök atvinnulífsins (SA)  
(Ótímabundinn réttindasamningur).

Félag ráðgjafaverkfræðinga (FRV).  
(Gildir til 1. nóvember 2022).

RARIK. Viðræður í gangi við lok starfsársins.

Orkuveitu Reykjavíkur (OR). (Gildir til 1. nóvember 2022).

Landsvirkjun (f.h. Félags tæknimanna hjá Landsvirkjun - FTL) (Gildir til 1. nóvember 2022).

Landsnet (f.h. FTL). Viðræður eru í gangi við lok starfsársins.

Kjarasamningar á opinberum vinnumarkaði eru við:

Ríkið (Gildir til 31. mars 2023).

Reykjavíkurborg. Viðræður eru í gangi við lok starfsársins.

Samband sveitarfélaga (SNS). Viðræður eru í gangi við lok starfsársins.

Kjarasamningur VFÍ við Samtök atvinnulífsins (SA) er viðmiðunarsamningur á almennum markaði. Samningurinn er ótímabundinn réttindasamningur.

### Stofnanasamningar

Vinnu við gerð stofnanasamninga við ríkisstofnanir var haldið áfram á síðasta starfsári og hefur nú verið lokið við gerð 16 stofnanasamninga og má nálgast þá, eins og aðra kjarasamninga, á vef VFÍ.

### Námskeið

Á síðasta starfsári voru haldin námskeið um launaviðtölum sem voru mjög vel sótt. Námskeiðin eru haldin reglulega og standa öllum félagsmönnum til boða, þeim að kostnaðarlausu.

### Rekstur kjarasjóða

Kjarasjóðir félagsins standa styrkum fótum eins og sjá má ársreikningum þeirra. Átaki Sjúkrasjóðs og Styrktarsjóðs varðandi skimun á ristilkrabbameini var haldið áfram í samstarfi við Miðstöð meltingarlækninga. Ristilspeglun er besta mögulega forvarnaraðgerð gegn ristilkrabbameini. Á árinu 2019 fengu sjóðfélagar fæddir 1969 og eldri boð um að panta tíma í ristilspeglun.

Fjárhagsstaða Orlofsjóðs VFÍ er einnig góð. Framboð hefur verið aukið og í skoðun er að sjóðurinn ráðist í byggingu tveggja nýrra orlofshúsa í Húsafelli.

## Skýrsla Styrktarsjóðs VFÍ 2019

### Stjórn Styrktarsjóðs VFÍ starfsárið 2019-2020:

Auður Ólafsdóttir  
Hulda Guðmundsdóttir  
Hermann Ólason  
Bjarni Bentsson  
Hreinn Ólafsson

Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og sveitarfélaga og starfsmenn opinberra hlutafélaga sem félagið gerir kjarasamninga við. Fjöldi sjóðfélaga er 769 þar af eru félagar í VFÍ 671 og aðrir 98.


Veittir voru 722 styrkir alls sem er 5% fækkun milli ára.

### Rekstrarreikningur


Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins námu 57,45 mkr. og hækkuðu um 11,6% milli ára. Styrkir námu

53 mkr. Rekstrargjöld voru um 6,9 mkr. Gjöld umfram tekjur námu 0,68 mkr. og óráðstafað eigið fé í árslok 2019 var 50,1 mkr. Frá og með áramótum 2018-2019 hafa gilt nýjar úthlutunarreglur sem miða að því að tryggingabætur, dagpeningagreiðslur og fæðingarstyrkir skerðist ekki en aðrir styrkir eru greiddir út sem hlutfall af greiddu iðgjaldi hvers sjóðfélaga. Viðvarandi halli á rekstri sjóðsins hefur nú verið réttur af. Þess ber að geta að iðgjöld sjóðfélaga eru mismunandi; lægst 0,55% af launum og hæst 1% af launum.


Fjöldi greiddra styrkja úr styrktarsjóði VFÍ



Lykiltölur  
Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



Sjóðfélagar  
Fjölskyldu og styrktarsjóðs VFÍ



### Rekstrarreikningur

	2019	2018
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	57.448	50.763
<i>Rekstrartekjur alls</i>	57.448	50.763
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsókn	53.035	61.728
Umsýslukostnaður	5.745	5.076
Annar kostnaður	1.191	1.355
<i>Rekstrargjöld alls</i>	59.971	68.159
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-2.523	-17.396
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	1.846	2.384
(Gjöld) umfram tekjur á árinu	-677	-15.012

### Efnahagsreikningur pr. 31.12.2019

	2019	2018
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Handbært fé	55.705	54.192
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	50.078	50.755
Skammtímaskuldir	5.627	3.437
	55.705	54.192



## Skýrsla Sjúkrasjóðs VFÍ 2019

### Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2019 til 2020:

Hulda Björg Þórisdóttir  
Halldór Árnason  
Björgvin Áskelsson  
Helgi Baldvinsson  
Þór Hallgrímsson

Sjóðfélagar eru félagsmenn á FRV verkfræðistofum og félagsmenn á almennum markaði auk annarra sem tilheyra félögum sem eru með þjónustusamning við VFÍ.

Á síðastliðnu ári voru veittir 3417 styrkir sem er 29,7% fjölgun frá árinu áður. Sjóðfélagar voru 2697 í árslok 2019 þ.e.a.s. þeir sem greidd voru iðgjöld fyrir á árinu. Þar af voru félagar í VFÍ 2221 en aðrir 476.


### Rekstrarreikningur

Á meðfylgjandi rekstrarreikningi sést að iðgjöld ársins 2019 námu 314,2 mkr. sem er 7,4% hækkun frá 2018. Styrkir námu rúmum 317 mkr og hækka um 28,8% milli ára. Rekstrargjöld voru 33,2 mkr.

Nú er svo komið að styrkir sem hlutall af iðgjöldum eru komnir yfir 100%. Fjáreignatekjur voru mjög háar 2019 og nær þrefölduðust milli ára.

Stjórn sjóðsins mun láta gera tryggingafræðilega úttekt en ekki er ástæða að svo stöddu að skerða styrki.


Sjóðfélagar Sjúkrasjóðs VFÍ



### Rekstrarreikningur

	2019	2018
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	314.244	292.689
<i>Rekstrartekjur alls</i>	314.244	292.689
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir og hóprannsóknir	317.206	246.352
Umsýslukostnaður	31.424	29.269
Annar kostnaður	1.814	1.668
<i>Rekstrargjöld alls</i>	350.444	277.289
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	-36.200	15.400
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	64.757	23.794
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<b>28.557</b>	<b>39.194</b>


Fjöldi greiddra styrkja úr Sjúkrasjóði VFÍ



### Efnahagsreikningur

	2019	2018
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	36.066	49.630
Verðbréf	759.672	700.755
Handbært fé	216.016	229.431
	1.011.754	979.816
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	998.911	970.506
Skammtímaskuldir	12.843	9.310
	1.011.754	979.816

Lykiltölur Sjúkrasjóðs VFÍ



### Fjöldi greiddra styrkja Sjúkrasjóðs

Ár	Fjöldi styrkja	% aukning
2010	353	
2011	553	56,7
2012	759	37,3
2013	789	4,0
2014	839	6,3
2015	1276	52,1
2016	1424	11,6
2017	2160	51,7
2018	2634	21,9
2019	3417	29,7

## Skýrsla Vísindasjóðs VFÍ- Ríki og sveitarfélög 2019

### Stjórn sjóðsins var á síðasta starfsári skipuð eftirtöldum fulltrúum VFÍ, ríkisins og Reykjavíkurborgar:

Geir Guðmundsson, VFÍ  
Óli Jón Hertervig, VFÍ  
Ásdís Ásbjörnsdóttir, f.h. Rvk. borgar  
Einar Mar Þórðarson, f.h. fjármálaráðherra

Vísindasjóður VFÍ byggir á samkomulagi félagsins við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og við Reykjavíkurborg frá 1989. Sjóðfélagar eru starfsmenn ríkisins og stofnana og opinberra hlutafélaga, í eigu ríkisins auk sveitarfélaga sem eiga rétt á að greitt sé fyrir þá í sjóðinn.

Almennt er iðgjaldið 1,72% af dagvinnulaunum.

Á árinu 2016 var úthlutunarreglum breytt þannig að svokölluð biðtímaregla var felld niður.

Þá eru styrkir til tölvukaupa ekki lengur tengdir rétti til annarra styrkja.

Iðgjöld 2019 námu 123,0 mkr. Heildarupphæð styrkja var 46,1 mkr.

### Rekstrarreikningur

	2019	2018
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	123.064	108.429
Iðgjöld starfspróunarsjóðs	4.224	3.502
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>127.288</u>	<u>111.931</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	46.140	64.847
Umsýslukostnaður	12.729	11.193
Annar kostnaður	1.845	1.481
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>60.714</u>	<u>77.521</u>
Hagnaður án fjármagnsliða	66.574	34.410
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	10.263	10.127
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u><b>76.837</b></u>	<u><b>44.537</b></u>


Skipting umsókna á milli efnisflokka árið 2019 er eftirfarandi: 148 umsóknir til náms, námskeiða og ráðstefnuferða, 92 umsóknir til kaupa á tölvubúnaði. Samtals 240 umsóknir sem er umtalsverð fækkun á milli ára.

Alls var greitt fyrir 757 einstaklinga til sjóðsins árið 2019. Þar af voru félagar VFÍ sem greitt var fyrir 660 og aðrir 97.


### Efnahagsreikningur

	2019	2018
<i>Eignir</i>		
Veltufjármunir		
Skammtímakröfur	11.651	18.222
Handbært fé	455.279	380.705
	<u>466.930</u>	<u>398.927</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	465.368	388.531
Skammtímaskuldir	1.562	10.396
	<u>466.930</u>	<u>398.927</u>


Sjóðfélagar  
Vísindasjóðs VFÍ



Fjöldi greiddra styrkja úr  
Vísindasjóði VFÍ



Lykiltölur  
Vísindasjóðs VFÍ



## Skýrsla Starfsmenntunarsjóðs VFÍ 2019


### Stjórn sjóðsins var á starfsárinu 2019-2020 skipuð eftirtöldum fulltrúum:

Kristinn Steingrímsson, formaður  
Heiða Njóra Guðbrandsdóttir  
Linda Rós Birgisdóttir

Starfsmenntunarsjóður VFÍ byggir í grunninn á kjarasamningi félagsins við Samtök atvinnulífsins frá árinu 2011. Iðgjald í sjóðinn er 0,22% af launum. Við sameiningu VFÍ og TFÍ voru samdar starfsreglur fyrir sjóðinn og undir lok árs 2017 var byrjað að taka á móti umsóknum og í byrjun árs 2019 hófust greiðslur á styrkjum úr sjóðnum. Alls voru greiddir út 144 styrkir að upphæð 9,8 mkr. Það er aðeins 18% af iðgjöldum ársins. Gera þarf gangskör í að kynna sjóðinn fyrir sjóðfélögum. Eigið fé sjóðsins var í lok árs 2019 kr. 189 mkr.

Sjóðfélagar í lok ársins 2109 voru 1933 þar af 1511 félagi í VFÍ og aðrir 422. Sjóðfélögum fjölgaði um 20% milli ára.

**Lykiltölur**  
**Starfsmenntunarsjóðs VFÍ**



### Rekstrarreikningur

	2019	2018
<i>Rekstrartekjur</i>		
Iðgjöld	54.532	41.262
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>54.532</u>	<u>41.262</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Styrkir	9.754	0
Umsýslukostnaður	2.726	2.063
Annar kostnaður	317	0
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>12.797</u>	<u>2.063</u>
Hagnaður/tap án fjármagnsliða	41.735	39.199
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	3.840	3.644
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u><b>45.575</b></u>	<u><b>42.843</b></u>

### Efnahagsreikningur

	2019	2018
<i>Eignir</i>		
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	7.082	8.427
Handbært fé	182.042	136.973
	<u>189.124</u>	<u>145.400</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	188.983	143.408
Skammtímaskuldir	141	1.992
	<u>189.124</u>	<u>145.400</u>

## Skýrsla Orlofssjóðs VFÍ 2019

### Stjórn Orlofssjóðs VFÍ árið 2019-2020:

Margrét Edda Ragnarsdóttir  
Sveinn V. Árnason  
Kristján Sturlaugsson  
Helgi Páll Einarsson

Orlofssjóður VFÍ, áður SV, hefur starfað frá 1997 og sumarið 2020 verður tuttugasta og þriðja sumarið sem úthlutað er til félagsmanna.

Félagar í orlofssjóðnum eru félagsmenn í VFÍ sem greitt er fyrir í sjóðinn og aðrir í félögum sem skrifstofan þjónustar og greitt er fyrir.

Sjóðurinn á fimm orlofshús, þrjú í Hraunborgum í Grímsnesi, eitt í Árnesi, eitt í Húsafelli en þar á sjóðurinn tvær lóðir og unnið er að undirbúningi við að byggja hús á þeim. Þá á sjóðurinn íbúð í Sómatúni á Akureyri. Í Garðabæ leigir sjóðurinn íbúð sem er framleigð til sjóðfélaga allt árið og fjögur orlofshús í Klapparholti í Borgarfirði. Sumarið 2019 var auk þess boðið upp á íbúð á Ísafirði, orlofshús að Hrísum í Eyjafirði, hús í Vopnafirði og að Staffelli á Austurlandi. Auk þess leigir sjóðurinn út tjaldvagn til sjóðfélaga og selur niðurgreidda hótelmiða árið um kring.

Umsóknir um sumarúthlutun 2019 voru 286 og tókst að úthluta 181 gistingum í húsum og tjaldvagni. Auk þess var sjóðfélögum úthlutað miðum fyrir hótalgistingu. Umsóknum fækkaði nokkuð milli ára annað árið í röð.

Alls var greitt fyrir 3121 einstaklinga til sjóðsins á árinu 2019. Félagar VFÍ sem greitt var fyrir eru 2505 en aðrir sjóðfélagar eru 616. Heildariðgjaldagreiðslur á árinu voru 85,7 mkr og leigutekjur voru tæpar 16 mkr.


### Rekstrarreikningur

	2019	2018
<i>Rekstrartekjur</i>		
lðgjöld	85.703	77.147
Leigutekjur	15.988	14.763
<i>Rekstrartekjur alls</i>	<u>101.691</u>	<u>91.910</u>
<i>Rekstrargjöld</i>		
Leigukostnaður	35.492	25.059
Rekstur orlofshúsa	11.391	12.049
Umsýslukostnaður	12.203	11.030
Annar kostnaður	4.885	4.543
Fyrning sumarhúsa ofl.	9.069	7.437
<i>Rekstrargjöld alls</i>	<u>73.040</u>	<u>60.118</u>
Hagnaður/tap/ án fjármagnsliða	28.651	31.792
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	173	-540
<i>Tekjur umfram (gjöld) á árinu</i>	<u><b>28.824</b></u>	<u><b>31.252</b></u>


### Efnahagsreikningur

	2019	2018
<i>Eignir</i>		
<i>Fastafjármunir</i>		
Sumarhús	152.365	161.095
<i>Veltufjármunir</i>		
Skammtímakröfur	10.535	10.952
Handbært fé	33.497	546
	<u>196.397</u>	<u>172.593</u>
<i>Skuldir og eigið fé</i>		
Óráðstafað eigið fé	193.957	166.114
Skammtímaskuldir	2.440	6.479
	<u>196.397</u>	<u>172.593</u>

### Sjóðfélagar Orlofssjóðs VFÍ



### Lykiltölur Orlofssjóðs VFÍ



## Öldungadeild VFÍ

### Skýrsla stjórnar frá stofnfundi 27. marz 2019 til aðalfundar VFÍ 26. maí 2020.

Á stofnfundinum 27. marz 2019 voru kosnir í stjórn til tveggja ára þeir Pétur Stefánsson, formaður, Páll Sigurjónsson, Bergþór Þormóðsson, Steinar Friðgeirsson og Magnús Bjarnason.

Á tímabilinu voru haldnir 14 stjórnarfundir, fjórir félagsfundir, ein skoðunarferð og eitt námskeið. Skipulögð var ferð til austurluta Þýskalands og til stóð að hún yrði 23. til 30. maí. Vegna Covid-19 faraldursins var ferðin felld niður.

Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir síðasta föstudag í mánuði. Síðustu tveir stjórnarfundir voru haldnir með tölvusamskiptum vegna samkomubanns vegna Covid-19 veirunnar.

Félagsfundir voru haldnir síðdegis í miðri viku. Fyrirkomulag var þannig að húsið opnaði hálf tíma fyrir fund þar sem félagar áttu samverustund yfir kaffi og meðlæti. Makar voru velkomnir á fundina og nýttu sér ágætlega. Valinkunnir menn fluttu síðan erindi.

1. Fundur 23. maí 2019. Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur og fyrrum ráðherra flutti erindið „Vondslega hefur oss veröldin blekkt“.
2. Fundur 11. desember 2019. Páll Baldvin Baldvinsson rithöfundur með meiru flutti erindið „Síldarárin 1867 til 1969“, en hann hafði nýverið gefið út samnefnda bók.
3. Fundur 15. janúar 2020. Karl Steinar Valsson yfirlögregluþjónn flutti fyrirlestur um skipulagða brotastarfsemi.
4. Fundur 19. febrúar. 2020. Kristján Gíslason, nefndur Hringfari, sem fór á mótörhjólí kringum jörðina, flutti erindi um ferðina sem tók 10 mánuði á árunum 2014 og 2015.

Skoðunarferð var farin að Búrfelli þann 3. október. Í boði voru 50 sæti og var fullbókað. Landsvirkjun tók á móti hópnum með kostum og kynjum. Byrjað var á fyrirlestri um Búrfell 2 í húsakynnum LV í Reykjavík. Skoðaðar voru vindmyllur við Búrfell og hin nýja stöð Búrfell 2. Síðan var hádegisverður á Hótel Heklu í boði LV og að lokum móttaka í Ljósafofssstöð. Ferðin

var talin hafa heppnast sérlega vel og sendi stjórnin sérstakt þakkarbréf til forstjóra LV.

Þann 4. febrúar 2020 var haldið stutt námskeið um notkun snjallsíma með Android stýrikerfi. 30 tóku þátt þar af margir makar félagsmanna.

Dagana 23. til 30. maí var stefnt að hópferð til Þýskalands. Ferðin var skipulögð í samvinnu við Bændaferðir. Ferðin var frágengin og voru 35 þátttakendur bókaðir. Vegna samkomubanns og ferðatakmarkana var ferðin að endingu felld niður. Hugað er að ferð í haust í staðinn.

Aðalfundi ÖVFÍ hefur verið frestað vegna samkomubannsins vegna Covid-19 veirunnar og er stefnt að því að halda hann fyrirhluta júnímánaðar 2020.

Stjórnin hefur mótað stefnu fyrir komandi ár og verður starfið með svipuðu sniði og verið hefur. Það verður nánar kynnt og borið undir aðalfundinn.

*F.h. stjórnar Öldungadeilda VFÍ.*

*Pétur Stefánsson, formaður.*

*Magnús Bjarnason ritari.*

### Staða fagdeilda

Nú eru starfandi innan Verkfræðingafélags Íslands: Byggingarverkfræðingadeild, Efna- verkfræðideild, Rafmagnsverkfræðingadeild og Vélaverkfræðingadeild. Síðastliðin ár hefur verið rólegt yfir starfsemi deildanna. Á því eru ýmsar skýringar. Til

dæmis sú að skipulag fund og viðburða er nú meira á vegum skrifstofunnar en var hér í eina tíð. Fyrir liggur að endurmeta starf fagdeildanna. Má segja að skipulag þeirra sé barn síns tíma og endurspegli ekki hve fjölbreyttur starfsvettvangur verkfræðinga og tæknifræðinga er í dag. Einnig er rétt að líta til breyttra námleiða og nýrra námgreina í háskólunum. Þá hefur verið nefnt að vænlegra sé að ná til félagsmanna með faghópum sem vinna að málum sem tengjast áhuga- og starfssviðum þeirra. Áhugahópur um rafbíla á facebook er dæmi um slíkt.

### Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi

Tilgangur deildarinnar er að vera vettvangur stjórnenda og sjálfstætt starfandi félagsmanna innan VFÍ og annarra sem kjósa að standa utan Kjaradeildar og sinna málefnum þeirra eins og segir í lögum félagsins. Félagsmenn VFÍ geta valið hvorri deildinni þeir tilheyra, enda er VFÍ ekki kjarafélag heldur deildaskipt hagsmunafélag. Í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi eru: Páll Á. Jónsson, formaður, Davíð Á. Gunnarsson, Sigurður Valur Ásbjarnarson og Gylfi Árnason, varamaðstjórnandi.

Í október 2019 stóð deildin fyrir morgunfundi á Hilton Reykjavík Nordica um tölvu- og netglæpi. Fundurinn var mjög vel sóttur.



## Norðurlandsdeild VFÍ

### Aðalfundur

Aðalfundur NVFÍ var haldinn þann 5. apríl 2019 í sal Rauða Krossins á Akureyri. Á dagskrá voru hefðbundin aðalfundarstörf. Eva Hlín gaf ekki kost á sér til áframhaldandi formennsku. Samkvæmt lögum félagsins er kosið um formann, tvo aðalmenn í stjórn og einn varamann, auk þess tvo skoðunarmenn reikninga. Fundarstjóri bar upp eftirfarandi tillögu um stjórnarmenn Stefán Steindórsson var kosinn 2018. Víðir Bjarkason var kosinn í varastjórn 2018 verður aðalmaður.

- Björgvin Smári Jónsson býður sig fram til formanns 2019, var kosinn í aðalstjórn 2018.
- Jón Pétur Indriðason býður sig fram til aðalstjórnar 2019.
- Guðni Helgason býður sig fram til aðalstjórnar 2019.
- Eva Hlín Dereksdóttir býður sig fram til varastjórnar (var formaður).
- Áki Áskelsson býður sig fram til varastjórnar 2019.

Var tillagan samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Einnig voru þeir Birgir Baldursson og Eiríkur Jónsson kjörnir skoðunarmenn ársreikninga.

Farið var yfir skýrslu stjórnar og ársreikning NVFÍ og var hann samþykktur.

### Síldarkvöld

Árlegt Síldarkvöld NVFÍ var haldið að loknum aðalfundarstörfum.

Veislustjóri var Vilhjálmur Bragason vandræðaskáld og ræðumaður kvöldsins Snæbjörn Sigurðarson framkvæmdastjóri EIMS sem flutti erindi um samstarfsverkefni um bættu nýtingu orkuauðlinda á NA-landi

### Stjórnarfundir

Stjórn hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu og skipulagt viðburði fyrir félagsmenn.

### Námskeið

Í nóvember var haldið námskeið í tækjaforritun fyrir börn. Verkefni sem VFÍ og vísindasmiðja HÍ standa að og fengum við kennara norður einn laugardag, námskeiðið heppnaðist vel.

### Haustferð

Norðurlandsdeild VFÍ fór í haustferð laugardaginn 21. september.

34 félagsmenn og makar fóru með rútu frá Akureyri. Fyrst var stoppað á Dalvík og við heimsóttum Samherja og skoðuðum frystihús sem er í byggingu.

Því næst var haldið til Siglufjarðar þar sem Genis tók á móti okkur og kynnti starfsemi sína.

Loks borðuðum við kvöldmat á hótél Sigló áður en haldið var heim á leið.

### Samlokufundir

Í október hélt Pétur Ingi Haraldsson sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar erindi um skipulagsmál bæjarins og næstu skref í þróun íbúðabyggingar.

Í febrúar hélt Stefán Steindórsson sviðsstjóri veitu-og tæknisviðs Norðurorku erindi um Hjalteyrarverkefni Norðurorku sem snýr að borun eftir heitu vatni, byggingu dælustöðva og flutning á heitu vatni til bæjarins.

### Lokaorð

Samvinna innan stjórnar hefur verið til fyrirmyndar. Stefnan er ávallt að vera nokkra viðburði á hverju ári en ljóst að samlokufyrirlestrar mættu vera fleiri. Þeir eru vel sóttir af félagsmönnum og eru kjörinn vettvangur til að auka tengsl verkfræðinga og tæknifræðinga á svæðinu.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu af völdum Covid-19 var aðalfundi ársins 2020 sem búið var að auglýsa í mars frestað um óákveðinn tíma.

Stjórn NVFÍ vill þakka félagsmönnum gott samstarf á starfsárinu og væntir enn virkari þátttöku á því starfsári sem framundan er. Hafi félagsmenn tillögu að samlokufyrirlestrum hvetur stjórn þá til að koma henni á framfæri við einhvern stjórnarmanna.

*F.h. stjórnar NVFÍ,*

*Björgvin Smári Jónsson, formaður.*

## Austurlandsdeild VFÍ

### Aðalfundur

Aðalfundur Austurlandsdeildar VFÍ var haldinn í Þórðarbúð á Reyðarfirði þann 4. apríl 2019. Hófst fundurinn á áhugaverðu erindi fulltrúa Laxar Fiskeldi, Kristjáni

Ingimarssyni. Fór hann yfir starfsemi fyrirtækisins sem er með rekstur í Reyðarfirði og Þorlákshöfn. Mjög áhugavert og skemmtilegt erindi.

Eftir fyrirlesturinn tóku við hefðbundin aðalfundarstörf þar sem var m.a. farið yfir starf deildarinnar starfsárið 2018-2019. Stjórn AVFÍ skipuðu: Valdimar Baldursson, Birna Ingadóttir, Kári Óttarsson, Aðalsteinn Þórhallsson, Þorsteinn Sigurjónsson og Björgvin Friðriksson varamaður. Gáfu allir kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu nema Þorsteinn Sigurjónsson.

Að þessu sinni var kosið um formann og tvo meðstjórendur, ásamt varamanni. Valdimar Baldursson gaf kost á sér til áframhaldi formannssetu, Birna Ingadóttir og Björgvin Friðriksson buðu sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu en ekkert mótframboð kom og var framboð þeirra samþykkt einróma af fundarmönnum. Borgþór Geisson bauð sig fram til varamanns og hlaut hann einnig einróma kosningu. Ný stjórn starfsárið 2019-2020: Valdimar Baldursson formaður, Birna Ingadóttir, Kári Óttarsson, Aðalsteinn Þórhallsson og Björgvin Friðriksson. Borgþór Geisson kom inn sem nýr varamaður.

Eftir hefðbundin aðalfundarstörf var stutt hlé og boðið var upp á léttar veitingar. Að hléi loknu tók Kristjana Kjartansdóttir varaformaður VFÍ við með kynningu á stefnumótun og viðhorfskönnun VFÍ.

### Stjórnarfundir

Stjórnin hefur fundað nokkrum sinnum á starfsárinu, þar sem skipulagðir voru viðburðir og önnur starfsemi deildarinnar. Þar sem stjórnarmenn er dreifðir um landshlutann höfum við nýtt okkur tæknina og fundað í gegnum samskiptaforritið Teams sem hefur gengið ljómandi vel. Eins og áður voru skoðaðir ýmsir möguleikar á áhugaverðum námskeiðum fyrir félagsmenn á Austurlandi. Var þetta gert í samvinnu við skrifstofuna í Reykjavík, Endurmenntun HÍ og Austurbrú.

### Námskeið

Áætlað var að að halda námskeiðið Verkefnisstjórnun – verkefnisáætlun þann 7. maí 2019 en vegna ónógrar þátttöku var því aflýst. Námskeiði í tækjaforritun fyrir börn félagsmanna AVFÍ sem átti að vera 16. nóvember 2019 var einnig aflýst vegna



ófyrrisjábanlegra ástæðna. Reynt verður að finna nýja tímasetningu á nýju starfsári.

### **Haustferð**

Árleg haustferð félagsins var farin föstudaginn 4. október 2019. Þetta árið heimsóttu félagsmenn Lagarfossvirkjun. Lagt var af stað frá Reyðarfirði kl. 16:15 á leiðinni voru félagsmenn á Egilsstöðum teknir upp og síðan var keyrt eins og leiðin lá að Lagarfossvirkjun. Við Lagarfossvirkjum tóku á mót okkur stöðvarstjórinn Pálmarr Sigurðsson og Einar Andrésón frá Verkfræðistofunni Eflu. Leiddu þeir félagsmenn í skoðunarferð um virkjunina þar sem m.a. þeir félagsmenn sem vildu gátu farið niður í aðrennslisgöngin. Verið var að yfirfara elsta hluta virkjunarinnar, túrbínu og annan búnað og gafst okkur því tækifæri að skoða þá hluta sem að öllu jöfnu er ekki hægt að skoða þegar virkjunin er í eðlilegum rekstri. Að skoðunarferð lokninni bauð stövarstjórinn upp á léttu drykki á meðan Einar Andrésón fór yfir byggingarsögu og helstu verkefni sem eru í gangi. Þökkum við þeim félögum fyrir mjög fróðlega heimsókn og góðar móttökur.

Eftir þessa skemmtilegu heimsókn í Lagarfossvirkjun var farið í Vök Baths þar

sem Björn Sveinsson frá Verkís tók á mótí hópnum. Fræddi hann félagsmenn um sögu og starfsemi staðarins. Þeir sem vildu fengu síðan að prófa þessa frábæru aðstöðu. Enduðum við síðan þessa skemmtilegu ferð á því borða kvöldverð saman á veitingastaðnum sem er til húsa á sama stað. Ferðin var vel sótt af félagsmönnum. Þökkum við í stjórninni félagsmönnum fyrir skemmtilega og góða samverustund.

### **Tæknidagur fjölskyldunnar**

Eins og áður tók Austurlandsdeild VFÍ þátt í Tæknidegi fjölskyldunnar sem haldin var þann 5. október 2019 í Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað. Þetta var í sjöunda sinn sem þessi viðburður er haldinn af Austurbrú og Verkmenntaskóla Austurlands með stuðningi fyrirtækja á Austurlandi. Sigrún S. Hafstein sviðsstjóri fag- og félagssviðs VFÍ var okkur til halds og trausts. Félagið kynnti nám og starfsmöguleika verkfræðinga og tæknifræðinga fyrir gestum Tæknidagsins. Eins og áður vorum við mjög ánægð við viðtökurnar.

### **Lokaorð**

Þetta starfsár Austurlandsdeildar VFÍ hefur gengið ljómandi vel og samvinna innan stjórnar verið góð. Vill stjórnin þakka félögum okkar hérna fyrir austan fyrir þátttöku í þeim viðburðum sem deildin stóð fyrir á liðnu starfsári. Einnig viljum við þakka Árna Birni og starfsfólki hans fyrir sunnan á skrifstofunni fyrir einstaklega gott samstarf og stuðning á starfsárinu. Stefnt er áfram að öflugu félagsstarfi og halda áfram með þá viðburði sem við vonum að séu búnir að festa sig í sessi. Þó að það hafi ekki tekist að halda þau námskeið sem við vorum að vonast eftir, þá er stefnt á að halda áfram að finna áhugaverð og fræðandi námskeið sem félagsmenn hafa gagn og gaman af. Vill stjórnin hvetja félagsmenn til að hafa samband við stjórnarmeðlimi ef þeir hafa tillögu að námskeiðum eða fyrirlestrum sem þeir telja áhugaverða. En að lokum minni ég enn og aftur á að öflugt félagsstarf er ekki gerlegt nema með áframhaldandi virkri þátttöku félagsmanna.

*F.h. stjórnar AVFÍ,  
Valdimar Baldursson, formaður.*



### Orðanefnd RVFÍ

Á árinu 2019 var fjallað um tvo kafla í Alþjóðlega raftækniörðasafninu, IEV. Yfirferð þessara kafla lauk í desember.

Raftækniörðasafn nefndarinnar á vefsíðu Snöru hefur frá ársbyrjun 2013 verið uppfært samkvæmt áframhaldandi störfum nefndarinnar.

Raftækniörð er einnig að finna í Íðorðabanka Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heildarumfang raftækniörðasafnsins nemur nú um 22.000 íðorðum. Ýmsir aðilar og ekki síst þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytis leituðu sem oftast til Orðanefndar rafmagnsverkfræðinga á árinu með fyrirspurnir.

Um áramótin 2019 - 2020 hafði ORVFÍ komið saman á 1431 fundi frá árinu 1971 þegar fyrst var farið að færa fundargerðir reglulega. Það hefur mjög auðveldað störf nefndarinnar að hún hefur ávallt notið velvilja og rausnar Orkustofnunar varðandi fundaraðstöðu.

Fundir nefndarinnar urðu fjórir á árinu 2019 og voru að jafnaði 4-5 á fundi hverju sinni. Lokið hefur nú verið við íslenskun allra kafla Alþjóðlega raftækniörðasafnsins, IEV. Útgáfa nýrra kafla þess og endurskoðun eldri kafla hefur dregist mjög frá áður gerðri áætlun.

Eftirtaldir félagar eru nú í Orðanefnd rafmagnsverkfræðinga:

Ívar Þorsteinsson  
Jón Þóroddur Jónsson

Kristján Bjartmarsson  
Ólafur Pálsson  
Sigurður Briem, formaður nefndarinnar  
Torfi Þórhallsson

Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Ph.D. í íslenski málfræði, hefur starfað með nefndinni undanfarin ár sem sérfræðingur og ráðgjafi um íslenskt mál.

*Sigurður Briem, formaður ORVFÍ.*

### 100 ára afmæli orðanefnda VFÍ

Á hátíðafundi miðvikudaginn 30. október 2019 var þess minnst að 100 ár voru liðin frá stofnun fyrstu orðanefndar Verkfræðingafélags Íslands. Hátíðafundur var haldinn í Norræna húsinu í samvinnu við Árnastofnun.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður Verkfræðingafélags Íslands, flutti ávarp og setti fundinn. Þorsteinn Þorsteinsson aðjúntk við Háskóla Íslands rakti sögu orðanefnda VFÍ, Ágústa Þorbergsdóttir málfræðingur hjá Árnastofnun flutti erindið „Frá nýyrðum til íðorða“ og Guðrún Nordal forstöðumaður Árnastofnunar flutti ávarp og sleit fundi.

Við þetta tækifæri opnaði Vigdís Finnbogadóttir heiðursfélagi VFÍ, nýjan íðorðabanka. Hann er á vefslóðinni: <https://idordabanki.arnastofnun.is/>

### Ársskýrsla Kvennanefndar

Kvennanefnd VFÍ hefur nú starfað innan Verkfræðingafélags Íslands í tuttugu ár. Ár hvert stendur Kvennanefndin fyrir viðburðum sem ætlað er að styðja við markmið nefndarinnar, þ.e. að styrkja







tengslanet kvenna, að skapa og sýna kvenfyrirmyndir og stuðla að því að konur taki jafnan þátt í tækniþróun á við og karla.

Hápunktur vetrarins var hið árlega Rósaboð þar sem Kvennanefndin bauð öllum konum, sem lokið höfðu grunn- eða framhaldsprófi í verkfræði eða tæknifræði árið áður, í veislu þeim til heiðurs. Hinum nýútskrifuðu var færð rós og þær boðnar velkomnar í hópinn. Í ár flutti Sunna Björg Helgadóttir, verkfræðingur, erindi þar sem hún miðlaði af reynslu sinni en Sunna Björg tók nýlega við sem framkvæmdastjóri tæknisviðs HS Orku. Eitt af meginmarkmiðum Rósaboðsins er að skapa fyrirmyndir og sömuleiðis að gefa

nýútskrifuðum konum kost á að kynnst reynslumeiri konum innan verkfræðigeirans og efla þannig tengslanet sitt.

Starfsárið 2019-2020 er tuttugasta starfsár Kvennanefndarinnar sem fyrr segir. Í stjórn sitja fimm konur, þær Emilía Valdimarsdóttir, Gyða Mjöll Ingólfsdóttir, Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, Jóhanna Björk Pálsdóttir og Kolbrún Reinholdsdóttir og er það óbreytt stjórn frá fyrra ári. Kolbrún Reinholdsdóttir, einn stofnenda Kvennanefndarinnar, náði þeim merka áfanga að hafa starfað óslitið með nefndinni frá stofnun hennar og var henni þakkað framlagið sérstaklega í Rósaboðinu.

Kvennanefndin hafði hug á að fagna tuttugasta starfsári sínu sérstaklega nú á vormánuðum. Vegna áhrifa COVID-19 faraldursins biðna þau áform enn um sinn og verður vonandi hægt að blása til fagnaðar á haustmánuðum ársins 2020 þess í stað.

Til að fræðast nánar um störf Kvennanefndar, fá upplýsingar um næstu viðburði eða til að hafa samband við stjórnarkonur bendum við á facebooksiðu nefndarinnar: [www.facebook.com/kvennanefndvfi](http://www.facebook.com/kvennanefndvfi).

*Heiða Njóra Guðbrandsdóttir, formaður  
Kvennanefndar VFÍ.*



## Viðburðir 2019–2020

Yfirlit yfir viðburði á vegum VFÍ starfsárið 2019-2020. Vegna COVID-19 faraldursins voru engir viðburðir frá og með miðjum marsmánuði 2020 til aðalfundar 2020.

21. maí 2019

### Tillögur áttakshóps í húsnæðismálum.

Kynningarfundur í samstarfi við Byggingarstaðlaráð.

23. maí 2019

### Vorfundur Öldungadeildar VFÍ.

Fyrirlesari: Benedikt Jóhannesson.

15. ágúst 2019

### Kynningarfundur vegna Rýnisferðar.

30. ágúst 2019

### VerkTækni golfmótið.

Haldið á Húsatóftavelli Grindavík.

30. ágúst – 4. september 2019

### Rýnisferð til Wrocław í Póllandi.

1. september 2019

### Fjöldskyldudagur verkfræðinnar.

Haldinn í Fjöldskyldugarðinum Laugardal í samvinnu við Vísindasmiðju HÍ.

3. september 2019

### Flug á Íslandi í 100 ár.

Ráðstefna í tilefni af aldarafmæli flugs á Íslandi.

16. september 2019

### Samtal um Þjóðaröryggi: Lýðræði og fjölþáttaógnir.

Í samstarfi við Þjóðaröryggisráð og fleiri aðila.

21. september 2019

### Haustferð Norðurlandsdeildar VFÍ.

25. september 2019

### Samtal um Þjóðaröryggi: Tækni og grunngildi.

Í samstarfi við Þjóðaröryggisráð og fleiri aðila.

26. september 2019

### Samlokufundur: Bylting í notkun ískrapa.

Fyrirlesarar: Þorsteinn I. Víglundsson og Haukur Hilmarsson frá Thorlce.

3. október 2019

### Skoðunarferð Öldungadeildar VFÍ.

Búrfellsstöð II og virkjunarsvæði Búrfellsstöðva.

3. október – 4. október 2019

### Ársfundur FEANI í Reykjavík.

4. október 2019

### Haustferð Austurlandsdeildar VFÍ.

5. október 2019

### Kynning á Tæknidegi fjölskyldunnar á Austurlandi.

15.–16. október 2019

### Námskeið um hutverk og verkefni trúnaðarmanna.

17. október 2019

### Samlokufundur NVFÍ: Framtíðarpælingar í skipulagsmálum Akureyrar.

Fyrirlesari: Pétur Ingi Haraldsson, sviðsstjóri skipulagssviðs Akureyrarbæjar.

17. október 2019

### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.

25. október 2019

### Tölvu- og netglæpir. – Íslenskur veruleiki.

Morgunfundur á vegum Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi í VFÍ.

30. október 2019

### Orðanefndir í 100 ár.

Hátíðafundur í samstarfi við Árnastofnun. 100 ár liðin frá stofnun fyrstu orðanefndar VFÍ.

31. október 2019

### Snjalllausnir í umhverfismálum.

Fyrirlesari: Chris Brown hjá Klöppum.

31. október 2019

### Kynning fyrir fyrsta árs nema í HÍ.

9. nóvember 2019

### Námskeið í tækjaforritun fyrir börn félagsmanna á Norðurlandi.

Samstarfsverkefni VFÍ og Vísindasmiðju HÍ.

12. nóvember 2019

### Fundur ÖVFÍ.

Kynning á ferðinni „Perlur Austur-Þýskalands“.

14. nóvember 2019

### Námskeið í launaviðtölum.

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.

15. nóvember 2019

### Snjallborgin Reykjavík – Ljósleiðaratengingar og ljósastaurar.

Haustfundur Rafstaðlaráðs í samvinnu við VFÍ.

28. nóvember 2019

### Borgarlínan og samgöngusáttmáli.

Samlokufundur Byggingarstaðlaráðs og VFÍ.

Fyrirlesari: Hrafnkell Á. Proppé.

9. desember 2019

**Kynning fyrir nemendur í HR.**

11. desember 2019

**Jólafundur Öldungadeildar VFÍ.**

Fyrirlesari: Páll Baldvin Baldvinson.

15. janúar 2020

**Skipulögð glæpastarfsemi á Íslandi.**

Fundur á vegum Öldungadeildar VFÍ.

Fyrirlesari: Karl Steinar Valsson.

30. janúar 2020

**Pátttaka í Framadögum 2020.**

4. febrúar 2020

**Lærðu á Android símann.**

Örnámskeið á vegum Öldungadeildar VFÍ.

Leiðbeinendur: Ingólfur Páll Ægisson og

Benedikt Þór Jónsson, starfsmenn Símans.

5. febrúar 2020

**Hjalteyrarverkefni Norðurorku.**

Samlokufundur á vegum

Norðurlandsdeildar VFÍ.

5. febrúar 2020

**Samlokufundur: Streita og**

**streitustjórnun.**

Fyrirlesari: Jakob Gunnlaugsson hjá

Vinnuvernd.

8. febrúar 2020

**Styrktaraðili Hönnunarkeppni HÍ á UT-  
messunni.**

13. febrúar 2020

**Námskeið í launaviðtölum.**

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann

Aðalsteinsson.

19. febrúar 2020.

**Hringfarinn – Á mótórhjóli í kringum  
jörðina.**

Fundur á vegum Öldungadeildar VFÍ.

Fyrirlesari: Kristján Gíslason.

27. febrúar 2020

**Samtal um Þjóðaröryggi. –**

**Fjölþáttaógnir.**

Ráðstefna í samstarfi við Þjóðaröryggisráð

og fleiri aðila.

4. mars 2020

**Rósaboð Kvennanefndar VFÍ.**

Konur í VFÍ komu saman til að fagna þeim

konum sem luku prófi í tækifræði og

verkfræði á árinu 2019.

18. mars 2020

**Aðalfundur Austurlandsdeildar.**


Gestir: Árni B. Björnsson framkv.stj.

VFÍ og Theódór Ottósson framkv.stj.

Verkefnastjórnunarfélags Íslands.

26. maí 2020

**Aðalfundur VFÍ.**



Verkfræðingafélag Íslands